



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Skattaskrifstofa
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Sent í Samráðsgátt

Reykjavík, 13. mars 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (erlendar fjárfestingar í nýsköpun), mál nr. S-75/2024

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (hér eftir „tskl.“) (erlendar fjárfestingar í nýsköpun), mál nr. S-75/2024.

Samtökin fagna frumvarpinu í heild sinni og því markmiði fjármála- og efnahagsráðherra að liðka sérstaklega fyrir erlendri fjárfestingu í nýsköpun á Íslandi. Regluverk hér á landi er íþyngjandi fyrir erlenda fjárfesta og hamlar því erlendri fjármögnun í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum. Auðlind tækni- og hugverkafyrirtækja er nýsköpun sem grundvallast á rannsóknum og þróun og til þess að koma slíku fyrirtæki á legg þarf greitt aðgengi að fjármagni, sem er sökum smæðar landsins oft nauðsynlegt að sækja út fyrir landsteinana. Þessu til viðbótar koma erlendir fjárfestar og eftir atvikum sjóðir oft inn með dýrmæta þekkingu og alþjóðleg tengsl sem erfitt getur verið að nálgast hér á landi, sérstaklega í mjög sérhæfðum greinum iðnaðar. Nauðsynlegt er að líta heildstætt á rekstrar- og starfsumhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja þegar kemur að erlendri fjárfestingu.

Það er því fagnaðarefni að stjórnvöld sýni vilja í verki og styðji við nýsköpun með þeim breytingum sem frumvarpið kveður á um. Samtökin gera engar athugasemdir við efnistösk frumvarpsins og vona að málið nái hratt og vel fram að ganga.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins

Sigríður Mogensen

Sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs